kasalan í fullan gang

Hagalíns selst vel og mikið hefur verið spurt eftir ljóðabók Jóns frá Ljárskógum. Hornstrendingabók er mjög eftirsótt, þrátt fyrir verðið sem er kr. 12.000.-, en þetta eru 3 bindi. Barnabækur þær sem aðallega seljast eru hinar vinsælu Tinnabækur, Robinson Krúsó og Heiða, ásamt bók Guðrúnar Helgadóttur í afahúsi.

Í **Bókabúð Keflavíkur** fékkst eftirfarandi svar: Það er ekkert að marka þetta ennþá hér, en einna vinsælastur er Ólafur á Oddhóli, ásamt Laxness og Snjólaugu, en einnig er mikil eftirspurn eftir Farmaður í friði og stríði eftir Jóhannes Helga. Af barnabókum eru það Tinni og Helgi skoðar heiminn, sem bezt seljast. Af erlendum bókum: Örlög og ástarþrá.

Samkvæmt upplýsingum frá **Bókabúðinni Hlöðum á Egilsstöðum** eru ekki komnar skýrar línur í bókasöluna enn. Mest sala virðist þó vera í Ólafi á Oddhóli, Snjólaugu og Laxness og Skrafað við skemmtilegt fólk. Af barnabókunum virðist Helgi skoðar heiminn seljast mest. Færðin hefur verið slæm fyrir austan, en fer nú batnandi, og er um leið álitið að þá aukist salan.

Í **bókabúðinni Huld á Akureyri** fékk blaðið þær upplýsingar að sömu höfundarnir seldust bezt ár eftir ár. Þar seldist t.d. fyrsta sendingin af bók Laxness upp á klukkustund. Snjólaug selst vel, svo og Ólafur á Oddhóli og ævisaga sr. Gunnars Benediktssonar. Tinna-bækurnar seljast brjálæðislega, svo og Helgi skoðar heiminn. Af þýddum bókum eru það Alistair McLean og Hammond Innes sem bezt seljast.

Í **bókabúð Lárusar Blöndal** í Reykjavík var sagt að jólabókasalan færi hægt og rólega af stað og væri ósköp svipuð og í fyrra, enda hafa bækur tiltölulega lítið hækkað. Þar, eins og annars staðar, er góð sala í bók Laxness, aðrar vinsælar bækur islenzkar eru bók sr. Jóns Auðuns, 30. marz og svo Punktur, punktur komma strik eftir Pétur Gunnarsson, en sú bók selst nær eins vel og Laxness. Þýddir reyfarar og ástarsögur eru einnig nokkuð keyptar og Tinni og Helgi skoðar heiminn eru vinsælustu barnabækurnar.

Í **Bókahúsinu Laugavegi 178** gengur bókasalan vel, en lítið af bókum enn farið að skera sig úr hvað góða sölu snertir, nema þá helzt bók Laxness. Bók Péturs Gunnarssonar seldist upp á stuttum tíma, og aðeins lítið eftir af bók Sigurðar Guðjónssonar. Hornstrandabók er einnig vinsæl og mikið er keypt af barnabókum.

Í **Bókabúð Jónasar Eggertssonar** í Rofabæ, er salan að komast í fullan gang og er mjög svipuð og í fyrra. Enn eru engir sérstakir bókatitlar farnir að skera sig úr, hvað sölu snertir. Salan þar er ennþá jöfn og góð.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur:

Starfshópur kynnir reglur um útivistartíma barna

Gsal-Reykjavík — **Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur samþykkt, að foreldrum barna í skólum borgarinnar skuli kynntar sérstakar reglur um útivistartíma barna og ungmenna, og hefur nefndin skipað sérstakan starfshóp til að annast þá framkvæmd og leita eftir samstarfi við lögreglu og skólayfirvöld.**

Samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 22.00 frá 1. maí til 1. september nema í fylgd með fullorðnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 frá 1. september til 1. maí og kl. 23.00 frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti.

Er hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir.

Vill barnaverndarnefnd, að reglugerð þessi verði fest upp á vegg á áberandi stöðum í sjoppum og á almannafæri, þar sem því verður við komið, fullorðnum og börnum til viðvörunar, og mun starfshópurinn annast þá framkvæmd.

Nú fyrir jólin mun starfshópurinn sjá til þess, fyrir milligöngu skólastjóra og kennara, að hvert barn í skólum borgarinnar fái eintak af útdrætti reglugerðarinnar handa foreldrum sínum, sérstakt bréf mun einnig berast foreldrum frá nefndinni, þar sem foreldrar eru beðnir um að hvetja börn sín til að vera heima á kvöldin og stuðla að því, að þau vilji vera heima með því að hafa ofan af fyrir þeim á eðlilegan og heilbrigðan hátt.

Endurnýjun eldri hverfa miðar fyrst og fremst að því að viðhalda svipmóti gamla bæjarins

Í stuttu máli má segja, að markmið þeirrar endurnýjunar eldri hverfa sem endurskoðað aðalskipulag gerir ráð fyrir, sé að svipmót gamla bæjarins haldist sem líkast því sem nú er, en reikna þó þar með ákveðinni uppbyggingu. Mótast tillagnagerð af þeim markmiðum, að stöðvuð verði sú hnignun, sem átt hefur sér stað og kemur til með að eiga sér stað, ef ekki verður að gert, svo og því markmiði, að fullnægja sem bezt þörf fyrir bifreiðastæði og fleira, án þess að spilla svip þeirra hverfa sem um ræðir.

Könnun, sem framkvæmd var árið 1975, leiddi í ljós, að þá skiptist byggð á svæðinu þannig að íbúðarhúsnæði var 323.800 fermetrar, en atvinnuhúsnæði 474.200 fermetrar. Tillögur í endurskoðuðu aðalskipulagi gera ráð fyrir að árið 1995 verði þessi skipting þannig, að íbúðarhúsnæði verði 369.700 fermetrar (14.2% aukning frá 1975), en atvinnuhúsnæði 681.400 fermetrar (43.7% aukning frá 1975)... Þó er einnig gert ráð fyrir öðrum möguleika, það er að íbúðarhúsnæði verði 409.000 fermetrar (26.3% aukning), en atvinnuhúsnæði 642.100 fermetrar (35.4% aukning).

Með þessari tillögu er meðal annars stefnt að því, að fólksflótti úr hverfum þessum stöðvist, en undanfarin ár hefur hann verið mikill. Árið 1945 bjuggu á svæðinu um 12.000 manns, en nú er íbúafjöldi þar ekki nema 5.000. Er að því stefnt, í tillögum skipulagsnefndar, að íbúatölunni verði í framtíðinni haldið sem næst 7.000.

Er bent á, að hlutar svæðisins séu verulega hentugir fyrir íbúðir, bæði aldraða svo og ungs fólks.

Í tillögunum er athugunarsvæðinu skipt niður í þrenns konar svæði, framkvæmdasvæði, endurnýjunarsvæði og verndunarsvæði, eftir því hverjar tillögur eru gerðar um högun þeirra.

Framkvæmdasvæði eru svæði, þar sem lagt er til að verulegar framkvæmdir og uppbygging eigi sér stað á skipulagstímanum, það er fram til 1995. Lögð er áherzla á, að byggð á þeim verði blönduð, og inn á þau komi verulegt magn íbúðarhúsnæðis. Dæmi um framkvæmdasvæði er við vesturenda Skúlagötu, þar sem nokkuð er um óbyggðar lóðir (sjá mynd.)

Endurnýjunarsvæði eru svæði, þar sem meginhluti bygginga hefur áþekkt svipmót og notkun og þar sem talið er æskilegt að verulegar endurbætur á núverandi mannvirkjum og umhverfi eigi sér stað á skipulagstímabilinu. Lagt er til, að þar sem fyrirhugað er að reisa nýjar byggingar á slíkum svæðum, taki þær nýbyggingar sérstakt mið af því umhverfi sem fyrir er, hvað viðvíkur notkun, stærðarhlutföllum, útliti og efnisvali. Endurnýjunarsvæði eru flest íbúðarhverfi.

Verndunarsvæði eru svo svæði, sem talin eru hafa byggingarlistrænt, sögulegt, eða almennt gildi, þannig að æskilegt sé talið að veita þeim sérstaka vernd. Lagt er til, að gert sé að skyldu að viðhalda mannvirkjum í sem upprunalegastri mynd, en umhverfi bygginga verði endurbætt og mótað með tilliti til þessara mannvirkja.


Verndunarsvæði eru til dæmis Arnarhóll og umhverfi hans, með Þjóðleikhúsinu, Arnarhváli og fleiru, svo og byggðin suður af Skólavörðustíg.

Í gatnamálum er tekin nokkuð breytt afstaða, frá þeirri, sem birtist í aðalskipulagi Reykjavíkur, eins og það var samþykkt 1965. Segja má, að haldið sé því meginmarkmiði, að nýta götur í þeirri mynd sem þær nú eru til hins ýtrasta, sem er í raun andstætt upphaflegu skipulagi, þar sem gert var ráð fyrir allnokkrum umbrotum, vegna breytinga á Grettisgötu og byggingu Geirsgötubrúar.

Þá er og vikið allnokkuð frá upphaflegu skipulagi í stefnu varðandi bifreiðastæði á svæðinu. Í fyrra skipulagi var gert ráð fyrir að eitt bifreiðastæði þyrfti að vera fyrir hverja íbúð á svæðinu, svo og eitt stæði fyrir hverja 50 fermetra í atvinnuhúsnæði.

Ljóst er, að það er ekki mögulegt jafnframt því að halda í þau markmið, sem sett eru varðandi endurnýjun þessarra hverfa og

Framhald á bls. 19.





Þessar tvær myndir sýna athugunarsvæðið, annars vegar árið 1962, hins vegar 1974. Ef að er gáð má sjá, að framkvæmdir og uppbygging á svæðinu hefur verið furðu lítil.

Á þessarri mynd má sjá tillögur um skiptingu athugunarsvæðisins. Dekkstu fletirnir eru svæði, sem ætluð eruð fyrir léttan iðnað, svæðin sem afmörkuð eru með punktalínum eru íbúðarsvæði, ljós svæði eru byggð stofnunum og auk þess er miðbæjarsvæðið þannig merkt, og svæði þau sem afmörkuð eru með dökkum línum eru framkvæmdasvæði.

Haustmót Skákfélags Akureyrar

KS-Akureyri — Haustmóti Skákfélags Akureyrar er nýlokið. Keppendur voru 22 og teflt var í einum flokki, 7. umferðir eftir Monrad kerfi. Röð efstu mann varð þessi: Efstur varð Jóhann Snorrason, og hlaut hann 5,5 vinning, annar varð Jón Ingimarsson, sem hlaut sömu vinningatölu og Jóhann, en varð lægri að stigum. Í 3.-5. sæti voru Haki Jóhannesson, Margeir Steingrímsson og Jón Björgvinsson og hlutu þeir 5 vinninga hver, Stefán Ragnarsson varð sjötti með 4,5 vinning.

Teflt var að Hótel Varðborg, og skákstjóri var sem fyrr Albert Sigurðsson.

Nóbelsverðlaunahafinn Mac Bride kemur hingað til lands

gébé- Rvík. — Til að marka upphaf „árs samvizkufangans" eiga samtökin von á friðarverðlaunahafa Nóbels 1974, Seán Mac Bride hingað til lands í dag, sagði Hilmar Foss formaður Íslandsdeildar Amnesty International, en nýbyrjuð er árshferð, sem helguð er samvizkufanganum. Samtökin hyggjast m.a. efna til undirskriftasöfnunar, þar sem skorað verður á Sameinuðu þjóðirnar að samþykkja ályktun, þar sem því verður beint til allra þjóða veraldar, að halda ákvæði mannréttindayfirlýsingar Sþ og að öllum þeim, sem fangelsaðir hafa verið vegna skoðana sinna, verði sleppt. Mac Bride er einn af þrem stofnendum Amnesty en auk þess hefur hann verið virkur félagi fjölmargra alþjóðlegra félaga og stofnana um frið og mannréttindi. Hann er nú umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna fyrir Namibíu, og kemur sem slíkur fram sem aðstoðaraðalritari SÞ.

Seán Mc Bride kemur hingað til lands frá Lusaka í Zambíu, en þar var hann í erindum SÞ. Tekið er á móti honum af hálfu utanríkisráðuneytisins og Íslandsdeildar Amnesty. Á meðan á heimsókn hans stendur mun hann ganga á fund forseta Íslands og sitja bæði boð utanríkisráðherra og lagadeildar Háskóla Íslands. Á miðvikudagskvöldið 15. des., mun hann ávarpa og sitja fyrir svörum á almennum fundi Íslandsdeildar Amnesty í Norræna húsinu kl. 20.30. Á fimmtudagsmorgun heldur hann háskólafyrirlestur í Lögbergi í HÍ og kallar hann fyrirlestur sinn „Kúgun leiðir til ofbeldis." Fyrirlesturinn er öllum opinn. —

Frá Íslandi fer Seán Mac Bride til Lúxemburgar á föstudag.